

Menning

DV

Starfslaunum listamanna úthlutað:


Fjórir listamenn þiggja laun í eitt ár

Í fjárlögum fyrir 1991 voru til umráða tæpar tuttugu og tvær milljónir króna til starfslauna listamanna og bárust úthlutunarnefndinni 220 umsóknir og sóttu listamennirnir ýmist um þriggja, níu, sex eða tólf mánaða starfslaun. 58 listamenn fengu úthlutað.


Fjórum listamönnum var úthlutað 12 mánaða starfslaunum. Eru það Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður, Jónas Sen tónlistarmaður, Sigurður Örylgsson myndlistarmaður og Þorsteinn Hauksson tónskáld. Níu mánaða starfslaun fengu Anna Málfríður Sigurðardóttir tónlistarmaður, Ásgerður Búadóttir myndlistarmaður, Finnur Torfi Stefáns-son tónskáld, Gestur Þorgrímsson myndlistarmaður, Ingólfur Arnarson myndlistarmaður, Kristján Guðmundsson myndlistarmaður, Sigrún Eðvaldsdóttir tónlistarmaður og Tumi Magnússon myndlistarmaður. Sex mánaða laun fengu tólf listamenn og þriggja mánaða laun fengu þrjátíu og fjórir listamenn.

Það vekur athygli að nánast eru það eingöngu tónlistarmenn og myndlistamenn sem fá starfslaun. Þrjátíu myndlistarmenn fá laun, tuttugu og þrír tónlistarmenn og tónskáld, en aðeins fjórir rithöfundar og einn úr leiklist. Og er greinilegt af þessu að tónlistarmenn og myndlistarmenn sækja frekar í þessi starfslaun en aðrir listamenn.

Í úthlutunarnefnd áttu sæti Brynja



Þorsteinn Hauksson.



Sigurður Örylgsson.



Jónas Sen.



Guðrún Kristjánsdóttir.

Benediktsdóttir, Magnús Þórðarson og Þórunn J. Hafstein. Launin sem

hver einstakur listamaður fær eru 74.049 kr. á mánuði. -HK

Kaj Munk í Hafnarkirkju


Leikrit Guðrúnar Ásmunds-
dóttur var sýnt um það bil fjöru-
tiu sinnum í Hallgrímskirkju á
sínu tíma. Nú hefur Leikfélag
Hornafjarðar, í samráði við aðila
innan kirkjunnar, tekið upp
þráðinn og hafið sýningar á verk-
inu í Hafnarkirkju. Það eru níttján
leikarar sem koma fram í sýning-
unni, sá yngsti, sem leikur yngsta
Kaj, er aðeins sex ára gamall.
Hjalti Vignisson leikur Kaj 10 ára
og Hákon Leifsson leikur hinn
fullorðna Kaj Munk. Leikstjóri
er Hlin Agnarsdóttir.



Hákon Leifsson leikur Kaj Munk
fullorðinn og Hjalti Vignisson
leikur hann 10 ára.

Umstangið og rask sem leiksýn-
ing hefur rýfur óneitanlega þá
kyrrð sem gjarnan er sett í sam-
bandi við helgi og trú og þar að
auki er dansað í leikritinu. Það
er Auður Bjarnadóttir sem hefur
samið dansa við þessa sýningu í
samráði við höfund og leikstjóra.

Leikritið um Kaj Munk sómir
sér samt vel í kirkju enda er verk-
ið trúaróður. Kaj Munk var maður
sem lét lífið fyrir sannfæringu
sína, maður sem treysti Guði,
orðsnillingur, prédikari, breyskur
maður og prestur. Leikritið
vekur spurninguna um það til
hvers lífað sé. Er til dæmis nokkur
sannleikur svo brýnn að rétt
sé að voga fyrir hann lífinu? Þegar
hafa verið ákveðnar sex sýn-
ingar á verkinu í Hafnarkirkju.



Svavar Gestsson menntamálaráðherra afhendir Eddu Björgvinsdóttur leik-
listarstyrk. Fyrir aftan standa fulltrúar Frú Emelíu og Óperusmiðjunnar,
Hafliði Arngrímsson og Margrét Pálmadóttir. DV-mynd Hanna

Þrír leiklistar- hópar hlutu tvær milljónir hver

Úthlutað hefur verið styrkjum til
atvinnuleiklistarhópa, annarra en
þeirra sem eru tryggðir peningar á
fjárlögum. Það er úthlutunarnefnd á
vegum leiklistarráðs sem gerir tillög-
ur að úthlutun til menntamálaráðu-
neytisins sem síðan ákveður hverjir
fá styrkina. Í þessari úthlutunar-
nefnd eiga sæti Kolbrún Halldórs-
dóttir, Erlingur Gíslason og Júlíus
Vífill Ingvarsson.

Í ár gerðu fjárlög ráð fyrir fjórum
milljónum króna til þessarar úthlut-
unar og eru það 2,7% af því fjár-
magni sem leiklistarhópar sóttu um
til starfsemi sinnar í ár.

Úthlutunarnefnd gerði þrjár tillög-
ur til ráðuneytisins. Fyrsta tillagan
hljóðaði upp á rúmar tuttugu millj-

ónir og úthlutunarnefnd segir að sú
tillaga sé í raun óskhyggja en vill
með því sýna að markaðurinn þoli
10-14 leiksýningar árlega til hliðar
við sýningar stóru atvinnuleikhú-
sanna. Ljóst er að leikhópum tekst
venjulega að standa undir rekstrar-
kostnaði sýninga sinna en tekst
sjaldnast að greiða uppsafnaðan
kostnað á æfingatímabilinu og aldrei
launakostnað á æfingatíma.

Önnur tillagan hljóðaði upp á 9,5
milljónir og sú þriðja upp á sex millj-
ónir til þriggja aðila og var hún sam-
þykkt af ráðuneytinu. Þeir sem fengu
tvær milljónir hver eru leiklistar-
hópurinn Frú Emelía, Edda Björg-
vinsdóttir og Gísli Rúnar Jónsson og
Óperusmiðjan. -HK

Keilutilboð

100 kr. leikurinn
mánudaga til föstudaga
kl. 12.00-17.00.

Keilusalurinn
Öskjuhlíð
Sími 621599.

AÐALFUNDUR HLUTABRÉFASJÓÐSINS H.F.

Aðalfundur Hlutabréfasjóðsins h.f. verður haldinn
á Hótel Sögu, Ársal, 2. hæð í ráðstefnuálmú,
mánudaginn 29. apríl 1991 og hefst hann
kl. 17.00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 14. gr. samþykktu félagsins.
2. Tillaga um útgáfu jöfnunarhlutabréfa.
3. Tillögur til breytinga á 1., 3., 4. og 14. gr. samþykktu félagsins.

Dagskrá, ársreikningur félagsins og tillögur liggja
frammi til sýnis fyrir hluthafa á skrifstofu félagsins
að Skólavörðustíg 12, 2. hæð, Reykjavík.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.


Stjórn Hlutabréfasjóðsins h.f.

Omega-3 duft Omega Dry n-3 Nú á Íslandi

Færð þú nóg af fjölmöttuðum omega-3 fitusýrum
sem eru líkamanum lífsnauðsynlegar?
Borðar þú lítið af fiski?

Ef svo er þá höfum við ráð við því.

Omega Dry n-3, sem inniheldur 30% omega-3, er nú fáanlegt í duft- og
pilluformi. Bæta má Omega Dry n-3 í matvæli, t.d. brauð (Omega brauð),
kökur og annan könnmat, ungbarnamat, jógúrt, súrmjólk, kjötbollur, súpuft,
pizzur o.fl. Bættu einum skammti af Omega Dry n-3 í jógúrtina og þú færð
dagskammt af omega-3 fitusýrum og því fylgir ekkert auka- né eftirbragð.
Fæst í apótekum og heilsuvörubúðum.



Fiskafurðir hf., Skipholti 17, 105 Reykjavík, Sími: 91-672280